

Fjárhagslegur stuðningur til ferðaþjónustufyrirtækja sem eru á stafrænni vegferð.

Íslenski ferðaklasinn er hluti af Evrópuverkefninu [TOURBIT](#) sem hefur það hlutverk að hraða ferðaþjónustufyrirtækjum í gegnum hið stafræna ferðalag. Fjárhagslegur stuðningur við 62 fyrirtæki í 7 Evrópulöndum er hluti af verkefninu en alls verður hægt að styðja við **7 fyrirtæki á Íslandi og er fjárhagsstuðningur** að andvirði 9.000 EUR fyrir hvert fyrirtæki. Stuðningurinn nær yfir 10 mánaða tímabil eða til apríl 2024.

Þessi hluti verkefnisins er unnin með stuðningi Ferðamálastofu og landshlutasamtakanna með samstarfi við áfanastaðastofur/markaðsstofur landshlutanna víða um land.

Hverjir geta sótt um?

Þau fyrirtæki sem geta sótt um stuðning á sinni stafrænu vegferð eru fyrirtæki í þessum flokkum:

- **Hótel og gististaðir** - Hotels and similar accommodation (NACE I5510)
- **Gistiheimli og sumarþústaðir** - Holiday and other short-stay accommodation (NACE I5520)
- **Tjaldsvæði og hjólhýsasvæði** - Camping grounds, recreational vehicle parks and trailer parks (NACE I5530)
- **Ferðaskrifstofur, ferðasalar dagsferða og tengdur rekstur** - Travel agency, tour operator reservation service and related activities (NACE N79)

Hvaða skilyrði eru fyrir því að umsóknin sé tekin til greina?

- Fyrirtæki sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki á evrópskum mælikvarða (starfsmenn á bilinu 1-250)
- Velta sé undir 50m €
- Tilgreina hvaða stafræna úrbótaverkefni fyrirtækið hyggst vinna að (sjá glæru 17)
- Vera hluti af [Tourbizz samfélaginu](#).
- Fara í gegnum stafrænt hæfni mat / [Sjálfsmat](#) - [sjá hér](#).

Hvað má nota stuðninginn í? (nokkur dæmi, sjá glæur 17-21)

- Ráðgjafakostnað og sérfræðikostnað
- Auka hæfni og þekkingu innan fyrirtækis með aðkeyptri þjónustu (námskeið, menntun, osfrv)
- Innleiðingaferli á nýrri tækni
- Eingöngu er hægt að nota stuðninginn hjá fyrirfram ákveðnum þjónustuaðilum, listi yfir þjónustuaðala verður aðgengilegur hér. www.tourbit.eu - ef þú ert þjónustuaðili getur þú [skráð þig hér](#).

Hvað má ekki nota stuðninginn í?

- Innri starfsmannakostnað
- Tölvur eða búnað

Mikilvægt er að kynna sér málið vel [hér](#), hala niður umsókninni [hér](#) og senda inn umsókn fyrir **5.apríl!**

Ef þú hefur einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband.

asta.kristin@icelandtourism.is eða david@ssnv.is